

## KYNNING Á ELDHUGANUM

### 1. útgáfa ELDHUGINN

Hvorki Þjóðleikhúsið né Borgarleikhúsið sýndu því áhuga setja 1. útgáfuna á svið. Ástæður þess voru meðal annars: Of mikill fjöldi nafngreindra persóna, erfitt að fækka atriðum og lengd verksins of mikil – um 3 og ½ tími í flutningi.

En við fengum vinsamlega dóma um verkið:

- Maríanna Clara Lútersdóttir, listrænn ráðunautur Borgarleikhússins: Verkið er áhugavert, sýnir ævi Einars á lifandi og skemmtilegan máta, bæði hversu heillandi og hæfileikaríkur hann var – en einnig hans dekkri hliðar og hvernig þær stuðluðu að falli hans. Þetta er auðvitað um leið saga borgar og þjóðar þar sem við fáum í aðskildum senum góða tilfinningu fyrir samtímamönnum hans og konum og tíðarandanum sem verður oft ljóslifandi. Hér er hins vegar leiddur fram gríðarlegur fjöldi persóna sem þyrfti að útskýra vel og skilmerkilega til þess að hinn almenni áhorfandi áttaði sig á hverjar þær væru og hvert hlutverk þeirra í framvindu verksins og sögunni sjálfri sé.
- Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir, listrænn ráðunautur Þjóðleikhússins: Þakka ykkur kærlega fyrir að senda Þjóðleikhúsinu verkið ykkar Eldhugann. Það er metnaðarfullt um merkan mann og ég hafði gaman af því að lesa það.

### 2. útgáfa

Það er mjög gott að fá jákvæða og uppbyggilega gagnrýni. Í framhaldinu ákváðum við að skipta verkinu upp í tvö leikrit. Einar Benediktsson er það stórbrotinn persónuleiki að það þarf að sýna samskipti hans við margar persónur. Þess vegna er erfitt að strika út mörg atriði. En það þarf ekki að tilgreina hvaða einstaklingar komu þarna við sögu – það er jú Einar sem kastljósið beinist að.

*Árangurinn af endurskoðun okkar varð því að skipta verkinu í tvö leikrit:*

#### ELDHUGINN 1 – yngri árin

#### ELDHUGINN 2 – efri árin

Fjöldi leikara í þessum verkum er 15 – 20 manns. Vinsamlegast lesið blaðsíður 2 og 3 í handritunum en þar er stutt lýsing á viðkomandi verki, fjölda persóna svo og tímalengd í flutningi.

*Hvort leikritið getur staðið sjálfstætt. En það væri áhugavert ef tvö leikfélög sýndu verkin annað hvort á einu leikári eða tveimur.*